


Mosfellsbær
Þverholti 2
270 Mosfellsbær



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. október 2009
Tilvísun: UST20090900079/ksj

Beiðni um umsögn vegna klapparsvæðis í Mosfellsbæ.

Vísað er til erindis Mosfellsbæjar er barst 21. september sl. þar sem óskað er umsagnar um breytingu á hverfisvernd klapparsvæðis í miðbæ Mosfellsbæjar. Um er að ræða afléttingu hverfisverndar á svæði sem er 2.673 m² og liggur við Háholt nærri gatnamótum við Þverholt. Einnig er um að ræða að setja tvö ný svæði undir hverfisvernd, en þau eru samtals 2.647m² og eru hluti af ofangreindu klapparsvæði, en hafa verið utan hverfisverndar. Hin nýju hverfisverndarsvæði eru við Þverholt 9a og Hlaðhamra 1.

Umrætt klapparsvæði er hluti ísaldarminja. Svæðið sem til stendur að taka úr hverfisvernd hefur verið skipulagt sem kirkjulóð og hefur orðið fyrir meiri röskun en aðrir hlutar klapparsvæðisins. Nýju hverfisverndarsvæðin eru minna röskuð en kirkjulóðarsvæðið.

Að mati Umhverfisstofnunar eru breytingarnar ekki líklegar til að hafa veruleg áhrif á fyrrgreindar minjar.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við breytingu á hverfisvernd á klapparsvæði í miðbæ Mosfellsbæjar.

Virðingarfyllst
Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Kristín S. Jónsdóttir".

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Ólafur A. Jónsson".

Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri